



Reykjavík, 17. apríl 2024
USK24040021

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna breytinga á sorpgerði í Bólstaðarhlíð

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10.04.24 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 28. lið fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 3.04.24.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir skýringum á því af hverju búið er að fjarlægja pappa og plastgáma úr nýuppsettu sorpgerði í Bólstaðarhlíð.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.
Svar við fyrirspurn:

Með nýju samræmdu flokkunarkerfi eru komnar tunnur fyrir blandaðan úrgang, matarleifar, plast og pappír við hvert heimili. Því hefur þörfin fyrir grenndargáma sem taka við þeim flokkum minnkað og grenndarstöðvar fengið nýtt hlutverk.

Lagt er upp með að grenndarstöðvar sem taki við málmum, gleri, textíl og skilagjaldsumbúðum séu ekki í meira en 500 metra fjarlægð frá heimili þar sem því er við komið. Þessar stöðvar kallast litlar grenndarstöðvar og eru tæplega 30 í Reykjavík. Stærri grenndarstöðvar sem taka við pappír, plasti, gleri, málmum, textíl og skilagjaldsumbúðum verða samtals um 30 talsins og er miðað við að fjarlægð þeirra sé ekki meiri en um 1 km frá heimili.

Íbúar við Bólstaðarhlíð eru innan þeirra marka sem nefnd eru hér að ofan.

Þá er vísað til kynningar 14. febrúar í Umhverfis- og skipulagsráði, fundi nr. 298 um breytingar á söfnunarkerfi grenndargáma þar sem þessar breytingar voru kynntar.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið